



Starfsáætlun Ægisborgar

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

EFNISYFIRLIT

1.	Greinargerð leikskólastjóra -Auður Ævarsdóttir.....	3
2.	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	5
2.1	Ytra mat-Starfsmannakönnun.....	5
2.2	Ytra mat – foreldrakönnun	8
2.3	Innra mat	8
2.4	Innra mat deilda.....	11
	Innra mat Kots	11
	Innra mat Fjörudeildar	13
	Innra mat Bárudeildar	15
	Innra mat Öldudeildar	18
3.	Innra mat sérkennslu.....	20
4.	Innra mat – fjöltyngd börn	22
5.	Starfsþróun og fræðsla	24
5.1	Hvatningarverðlaun skóla- og frístundasviðs.....	27
5.2	Leikur, nám og gleði – Erasmus!	27
6.	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
7.	Foreldrasamvinna.....	29
8.	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
9.	Fylgigögn	31
9.1	Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Ægisborgar 2023-2024	31



*Litla skrímslið hennar
Áslaugar Jónsdóttur*



Leiðarljós Ægisborgar

Í Ægisborg er menntandi umhyggja höfð að leiðarljósi og þess kappkostað að leikur, gleði og virðing einkenni skólabraginn.

1. GREINARGERÐ LEIKSKÓLASTJÓRA -AUÐUR ÆVARSDÓTTIR

Starfsárið sem senn líður undir lok einkennist af fagmennsku, grósku og gleði. Starfsmannhópurinn í Ægisborg samanstendur af fjölbreyttum hópi kennara og leiðbeinanda sem leggja metnað í að börnunum í Ægisborg líði vel í leik og námi.

Við tókum þátt í þróunarverkefninu „leikur, nám og gleði“ ásamt leikskólunum Gullborg og Grandaborg, Önnu Magneu Hreinsdóttir frá Háskóla Íslands og Kristínu Hildi Ólafsdóttur leikskólaráðgjafa hjá skrifstofu SFS.

Meginmarkmið verkefnisins var að styrkja starfsfólk leikskólanna með fræðslu og umræðum um hvernig hægt er að leggja frekari áherslu á leik sem aðalnámsleið barna með áherslu á hlutverk kennarans. Deildarstjórar leikskólanna fengu lesefni sent frá Önnu Magneu sem var svo til umræðu á fundum sem hún stýrði. Deildarstjórum gafst tækifæri á að ræða tækifæri og umbætur.

Deildarfundir voru svo haldnir í framhaldi til að innleiða og fræða starfsfólk deildanna.

Leikskólarnir Ægisborg, Gullborg og Grandaborg fengu Hvatningarverðlaun Skóla- og frístundaráðs fyrir þróunarverkefnið; *Barnið sem fullgildur þátttakandi í lýðræðissamfélagi.*

Í tengslum við þróunarverkefnið *Leikur, nám og gleði* þá skipulögðum við námsferð með Grandaborg og Gullborg til Stokkhólms í apríl 2023. Leikskólinn Laugasól slóst í för með okkur. Anna Linda Nesheim leikskólakennari í Stokkhólmi skipulagði ferðina. Við heimsóttum leikskóla og fengum fyrirlestra um leikinn og hlutverk kennara. Við fengum nýja innsýn í svokallaðan „leikheim“ sem búinn er til í leikrými barna út frá einni bók sem unnið er með allan veturinn. Við lærðum mikið í ferðinni um námsumhverfi, hlutverk kennara og þemavinnu með eina sögu. Á komandi starfsári eru leikskólarnir Ægisborg, Gullborg, Grandaborg og Laugasól að fara í samstarf við fjóra leikskóla í Stokkhólmi sem verður styrkt af Erasmus+ (sjá nánar bls. 28).



*Gróska og gleði einkenndi starfsárið.
Greinarhöfundur er lengst til hægri.*



Starfsmannahópurinn í Ægisborg hefur viðað að sér fræðslu og þekkingu á árinu, hvort tveggja í tengslum við þróunarverkefnið og í námsferðinni. Það mun sannarlega nýtast við endurgerð á skólanámská Ægisborgar en á komandi starfsári hefst vinna við endurgerð.

Foreldrasamstarf hefur verið farsælt á starfsárinu en við höfum boðið foreldrum í heimsóknir, foreldrasamtöl og „vöflukaffi“. Til viðbótar við hefðbundið foreldrasamstarf byrjuðum við á því að hafa heitt á könnunni á fimmtudagsmorgnum og foreldrar velkomnir. Það er mikilvægt að taka upp þráðinn í foreldrasamstarfi að nýju eftir heimsfaraldurinn. En samstarf leikskóla og foreldra er lykill að farsæld barna.

Á komandi starfsári stöndum við frammi fyrir nýjum áskorunum er varðar samsetningu barnahópsins í Ægisborg en árgangar barna fædd 2018 og 2019 eru óvenju fjölmennir. Til þess að mæta þessum árgöngum sem best í leik og námi og ekki síst félagsfærni, þá hefur verið tekin ákvörðun um að Öldudeild (elstu börnin) skipti á húsnaði við Fjörudeild. Við það verður til afar fjölmenn deild elstu barna í austurhluta hússins, en fámennari yngri deildir í vesturendanum (Bárudeild og Fjörudeild). Ákvörðunin var tekin eftir yfirlegu starfsfólks og var hún síðan lögð fyrir foreldraráð Ægisborgar til

samþykkis. Við ætlum að prófa þetta í eitt ár og endurmeta síðan kosti og galla.

Í febrúar 2023 var hafist handa við að bæta starfsmannaaðstöðu Ægisborgar. Sú framkvæmd stendur enn yfir. Starfsfólk Ægisborgar hlakkar til að fá betri fundar- og undirbúningsaðstöðu og ekki síst kaffistofu sem rúmar starfsfólkið.

Kæru foreldrar, börn og starfsfólk í Ægisborg, bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf á liðnu ári. Leikskólasamfélagið í Ægisborg hlakkar til að takast á við spennandi verkefni á komandi starfsári.



Leikur er flókinn vefur






Bolludagskræsingar

2. INNRA OG YTRA MAT LEIKSKÓLANS FYRIR 2022-2023


2.1 YTRA MAT-STARFSMANNAKÖNNUN

Starfsmannakönnun var gerð í febrúar 2023. Könnunin í ár var töluvert breytt en í fyrsta sinn tók allt starfsfólk Reykjavíkurborgar þátt í könnuninni Stofnun ársins á vegum Gallup. Það þýðir að ekki er jafn gott að bera niðurstöður nákvæmlega saman við kannanir fyrri ára, þar sem allt annað lag er á hlutunum. Áður voru 5 yfirþættir kannaðir en nú voru þeir 9: *stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti*.



Niðurstöður Ægisborgar. Heildartala er 4,07 og hæst skorar ímynd starfsstaðar (4,62) og lægst skorar liðurinn launakjör (2,36). Starfsfólk merkti við þætti á skalanum 1-5.






Niðurstöður mælinga á ánægju Ægisborgara með matar- og kaffiáðstöðu. Keimlikar tölur eru fyrir liðinn vinnu- og skrifstofurými.

Niðurstöður þessa árs ríma vel við það sem hefur komið fram í fyrri starfsmannakönnunum Ægisborgar, en leikskólinn mælist í heildina á meðaltali stofnana borgarinnar; faglega sterkur en aðstöðudapur. Þættir eins og *stjórnun*, *starfsandi*, *ímynd* og *ánægja* og *stolt* skora allir yfir meðaltali en

vinnuaðstaða langt undir. Allt vel þekkt í Ægisborg en launaliðurinn er nýr og dregur Ægisborg vel niður og spurning hvað veldur, en meðaltal borgarstofnana var 3,03 og leikskólanna 2,69 varðandi launakjör.

Vinnuaðstaða hefur verið langtímavandi. Í síðustu starfsáætlun stóð þetta: „Fyrirhugað var að breyta starfsmanna-aðstöðunni í Ægisborg sl. haust en við biðum enn eftir þeirri framkvæmd. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þessi þáttur mælist að breytingum loknum.“ Þegar þetta er ritað eru iðnaðarmenn loksins að umbylta Kotinu og þar er verið að skapa nýja huggulega starfsmannaaðstöðu. Afar fróðlegt verður að sjá niðurstöður þessa liðs í næstu könnun!



Ný starfsmannaaðstaða í smíðum! Mynd tekin 12. apríl 2023.



Umbótaáætlun leikskólans fyrir liðið starfsár skiptist í nokkra liði. Hver deild átti sína umbótaáætlun en þar að auki voru fjölmargir þættir sameiginlegir tengdir innra og ytra mati. Vegna ytra mats voru ráðgerðir þrjú umbótaþættir í Ægisborg:



Leikur í Koti

Líðan starfsfólks. Stefnt var að því að áreitni mældist ekki í Ægisborg og átti starfsmannakönnun að vera matstækið. Gallup tók við könnuninni og gefur ekki upp svör um áreitni ef 20 eða færri svara af vinnustað. Fjórtán Ægisborgarar svöruðu, svo það er ekki vitað um hver staðan er. Einu vísbendingarnar eru þær að enginn hefur kvartað til stjórnenda og samstarfsþættir skora hátt í könnuninni.


Aðbúnaður starfsfólks. Stefnt var að því að starfsmannakönnunin sýndi ánægju með nýja kaffi- og undirbúningsaðstöðu. Það gekk ekki alveg eftir þar sem ekki náðist að ljúka því í vetur. Nú hyllir hins vegar undir verklok og næsta könnun verður mælikvarði um hvernig til hefur tekist. Þessi liður tengdist hvort tveggja umbótaáætlun ytra og innra mats.

Upplifun foreldra af skapandi starfi. Deildir hafa horft á þennan lið í vetur tengt öðrum umbótaþætti og má sjá umfjöllun um það í næsta kafla. Í foreldrakönnun þokast þessi liður upp um 0,24 stig frá 4,06 í 4,30. Við erum ánægð með þá þróun og greinilegt að umbætur hafa skilað nokkrum árangri.



2.2 YTRA MAT – FORELDRAKÖNNUN

Niðurstöður foreldrakönnunar sem framkvæmd var í apríl, lágu fyrir um sumarsólstöður. Um 82% svarhlutfall var í könnuninni en 56 af 68 foreldra úrtaki svöruðu. Skemmst er frá því að segja að það er mikil sól í kortum Ægisborgar og víðrar vel. Heildar niðurstaða með ánægju foreldra af leikskólanum var 4,77 en hæst er gefið 5. Meðaltal leikskólanna í Reykjavík var 4,50. Þegar horft er á aðalþætti könnunarinnar kemur almenn ánægja foreldra í ljós eins og sjá má á myndinni hér að neðan:



Alls staðar er skorið vel fyrir ofan meðaltal. Aukinheldur eru mjög jákvæðar orðsendingar þar sem foreldrum bauðst að skila inn opnum svörum.

Markmið starfshópsins í Ægisborg verður að viðhalda þessum góða skólabrag með markvissum vinnubrögðum og bæta í þar sem það á við.

2.3 INNRA MAT

Nokkuð margir umbótaþættir tengdust innra mati. Hér á eftir fer umfjöllun um afdrif þeirra en þrjár fyrstu töldu voru metnir af deildum á skipulagsdegi 10. maí. Hér á eftir fara niðurstöður þess mats samandregið og þar á eftir mat deildarstjóra og stjórnenda á öðrum þáttum.

Hlutverk kennara í leik barna. Með þátttöku Ægisborgar í þróunarverkefninu beindust sjónir kennara að hlutverki þeirra í leik barna. Allar deildir voru einhuga um að kennarahópurinn væri mun betur meðvitaður um hvað færi fram í leik barna en áður og ræddu meira sína á milli um leik þeirra. Kennarar væru gleggri en áður að lesa í aðstæður og skilningur og umfram allt áhugi á leiknum hefði aukist. Þá væru tækifæri oftari gripin til að styðja betur við leik og kveikjur að leik oftari nýttar. Börnin hafa meira um leikveröld sína að segja en áður.

Þátttaka barna í daglegu starfi. Allar deildir hafa, en í mismiklum mæli þó, ýtt undir þátttöku barna í daglegu brasi. T.d. með skipulögðum þjónustarfi í matsal og öðrum aðstæðum. Hins vegar er deildarmunur á hve mikið er formlega skráð. Börnin velja lög og bækur og þegar margar bækur berast að heiman geta börnin stundum valið hvaða sögu þau hlusta á. Verkefnið Sýna og segja frá má telja lið í þessu, en þá koma þau með hluti að heiman og sýna með félögum sínum, sem geta spurt um og skoðað.



Styrking skapandi starfs. Aðgengi barna að efnivið til sköpunar hefur batnað en alls ekki nóg. Deildirnar voru samdóma um að það þyrfti enn frekar að vinna að því að börnin hefðu fjölbreyttan efnivið handbæran og teldu sig hafa frjálst aðgengi að honum þegar þeim hentaði. Þó var það svo að börnin í sérkennslunni hafa verið afar dugleg að skapa í vetur og kennarar þar stutt vel við það starf enda verið að styðja við áhuga barnanna. Enn er ekki fullmótað hvernig best er að haga framsetningu efniviðs, en deildir hafa í auknum mæli og sérlega á vordögum eftir Svíþjóðarferð, stillt efnivið upp á nýstárlegan hátt, þannig að hann kalli á börnin að sýsla með. En full þörf er á að endurvekja þennan lið á komandi starfsvetri og meitla verklag.

Umhverfið í Ægisborg. Stefnt var að því að gera umhverfið í matsal, salerni og á kaffistofu fallegra og hlýlegra. Stutt er á veg komið í matsalnum, en þar hefur verið stigið varlega til jarðar meðan verið er að skilgreina hvernig salurinn virkar best. Það sem hefur bæst við eru málverk/teikningar barna, heimilislegur skenkur (sem sjá má á bls. 5), hljóðeinangrandi plötur sem hafa hjálpað mikið við hljóðvistina og eilítið af blómum. Beðið er eftir nýrri kaffistofu starfsfólks en þá færast skrifstofa leikskólustjóra í gömlu kaffistofuna. Við það losnar herbergi sem nú er skrifstofa og ráðgert er að hafa rólegt athvarf þar fyrir þá sem vilja stinga sér í kyrrð (kannski fær herbergið heitið Notó, hver veit).

Verklag í matsal. Sérstök matsalsnefnd hefur fundað margsinnis í vetur en skipulag í matsal og framkvæmd þess hefur þurft stöðugar endurskoðunar við, m.a. vegna fjölgunar þeirra sem þar borða. Árangurinn er sá að hvort tveggja verða færri árekstrar og börnum virðist líða betur. Verið er að slá síðustu stafina í matsalsblað fyrir starfsmannahandbók Ægisborgar.



Samhjálp í Koti

Móttaka nýrra starfsmanna. Stefnt var að því að allir nýir starfsmenn færu í gegn um móttökuferli Reykjavíkurborgar. Það hefur ekki gengið algerlega eftir, en margt af því hefur náð fram að ganga. Nauðsyn er að endurvekja þennan lið.

Deildarfundir. Þróunarverkefnið Leikur, nám og gleði hefur trúlega reynst afar gott hjálpartæki en verkefnið krafðist þess að fundað væri reglulega til að samræma vitneskju og verklag meðal allra á deildinni. Að auki hafa deildarfundir verið haldnir á skipulagsdögum. Hver deild hélt á bilinu 8-10 deildarfundum í vetur.

Foreldrasamvinna. Í umbótaáætlun stóð að nýta ætti möguleika Völuappsins betur til að miðla upplýsingum til foreldra. Það hefur gengið eftir, en myndir hafa verið gerðar aðgengilegar þar auk þess sem foreldrar yngstu barnanna (barnanna í Koti) hafa getað séð í Völu hve lengi börn þeirra

sváfu og hve vel þau borðuðu í hádegi. Sóknartækifæri er þó enn í innleiðingu myndakerfis Völu en það eru ekki allar deildir komnar jafn langt í þeim efnum. Sumar deildir hafa nýtt sér SMS sendingar til að deila minningum af vettvangi og er það skilvirkari leið en nota appið.

Nýir umbótaþættir hasla sér völl næsta vetur eins og jafnan er. *Endurskoðun námskrár* er fram undan og innleiðing *lausnarteymis* í sérkennslu. Samstarf Ægisborgar og leikskóla í Stokkhólmi undir merkjum *ERASMUS+* mun vera veigamikíð verkefni og þá hefur *samstarf við Myndlistaskóla Reykjavíkur* á haustdögum verið handsalað. Nú ber öllu starfsfólki leikskóla skylda að sækja *gagnvirkt netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu* með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Því verður að sjálfsögðu fylgt eftir í Ægisborg í vetur.

Umbótaáætlun Ægisborgar vegna sameiginlegra þátta 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Endurskoðun námskrár	Margt orðið úrelt í námskrá og ekki í takt við nýjar áherslur	Fara yfir námskrá með hliðsjón af menntastefnu og nýjum vinnubrögðum í Ægisborg. Kristín Hildur Ólafsdóttir leiðir vinnuna af stað	Stjórnendur	Haust 2023	Vor 2024	Eru nýjir kaflar til í námskrá? Tók starfsfólk þátt í endursk.??	Gert eða ógert
Lausnarteymi	Mynda teymi og kynna tilgang þess og verklag	Mynda teymi Móta verklag Umfjöllun á skipulagsdegi	Stjórnendur og sérkennslustjóri	Haust 2023	Vor 2024	Er teymið til? Er verklag til? Var málið kynnt?	Já eða nei
ERASMUS+ samstarf með leikskóla í Stokkhólmi	Auðga og styrkja hlutverkaleik barna og kennara	Vinna með sömu sögu og sænsku börnin. Búa til leikheim sögunnar með börnunum og ígrunda í kjölfarið með kennurunum frá Svíþjóð.	Stjórnendur og deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Ljósmyndir Skráningar í ferlimöppu Rýnihópur barna Rýnihópur kennara á skipulagsd.	Skýrsla um verkefnið. Kynning
Styrking sköpunar í Ægisborg	Samstarf elstu barna og Myndl.sk. Reykjavíkur	Börnin fara 4x í heimsókn í Myndl.sk. og vinna undir leiðsögn	Deildarstjóri Öldud.	Haust 2023	Des 2023	Ljósmyndir og skráningar	Að börnin fari í heimsóknirnar og kynnist ólíkum leiðum sköpunar
Þekking á birtingarmyndum ofbeldis	Efla forvarnir meðal barna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi	Allir starfsmenn sækja námskeið á vegum Barna- og fjölskyldustofu	Stjórnendur	Haust 2023	Jan 2024	Hve margir sóttu námskeiðið?	Að starfsfólk þekki birtingarmyndir téðs ofbeldis





INNRA MAT KOTS

Ingibjörg Bragadóttir -Greinargerð deildarstjóra. Í Kotinu voru 15 börn í vetur; þrjú börn voru sitt annað ár í Kotinu og tólf ný börn komu í aðlögun. Þar af byrjaði eitt barn strax í apríl og tvö í júní. Öll börnin eru fædd 2020 utan eitt sem er árinu eldra. Aðlögun gekk vel.

Sumarið 2022 hófust endurbætur í Kotinu og áttu að vera afstaðnar þegar við kæmum til starfa eftir sumarfrí. Það stóðst ekki en enn er eftir að endurnýja fataherbergi og salernisaðstöðu og vonandi verður það gert í haust. Til viðbótar á eftir að breyta gluggum sem á eftir að hafa mikla þýðingu fyrir börnin á deildinni. Vissulega finnum við vel fyrir því að hafa misst annan hluta deildarinnar, þar sem nú er verið að búa til starfsmannaaðstöðu. Eftir áramót skiptum við út borðum og stólum. Við vorum með stór borð og stóla og fengum lægri og var mikill munur á. Börnin nota borðin miklu meira í leik og geta einnig staðið við þau þegar þau eru að mála, svo ekki sé minnst á hvað þau gera deildinna fallegri.

Dagskipulag Kotsins hefur haldist nokkuð svipað og undanfarin ár, en við höfum lætt flæðinu inn og þá aðallega fyrir hádegi. Börnin koma á mismunandi tímum í skólann, sum borða morgunmat á meðan önnur eru búin að borða þegar þau koma. Þau velja sér þá viðfangsefni eftir áhuga og félagsskap og geta farið á milli eftir því hvert leikurinn ber þau. Megináhersla er áfram á sjálfsefningu og félagsfærni og í því hefur leikurinn stórt vægi og fær hann að njóta sín. Vissulega þarf stundum að stýra þeim í átt að leiknum og gerum við það best með því að vera þátttakendur í honum. Í leiknum erum við að æfa okkur í félagslegum samskiptum og hefur það verið nokkuð krefjandi í vetur. Barnahópurinn er nokkuð fjölbreyttur og höfum við þurft að vera á tánum við að halda „friði og ró“ þannig að allir fái að njóta sín. Það getur verið erfitt að skiptast á og bíða þegar maður vill leika með eitthvað sem aðrir eru með þegar maður er 2ja-3ja ára. Í vetur



Sköpun

hafa kubbar verið í aðalhlutverki sem viðfangsefni á deildinni, sérstaklega legó og segulkubbar og svo dýr.

Við erum með tvær samverustundir á dag, aðra fyrir hádegismat þar sem við syngjum og lesum bréf sem börnin koma með að heiman og svo eftir síðdegishressingu. Þá er hópnum skipt í tvo til þrjá hópa og lesið. Það er óhætt að segja að það séu gæðastundir, börnin eru ótrúlega dugleg að hlusta og njóta. Hvíldin er tvískipt og er mikill munur á svefntíma barnanna. Á meðan sum sofa stutt (ca. 30 mín) mega önnur sofa eins og þau þurfa. Þar er hlustað á sögur og rólega tónlist.

Hreyfing er stunduð að mestu í útiveru. Þar fá börnin að njóta sín og förum við út fyrir hádegi og stundum eftir síðdegishressingu ef veður og fatnaður leyfir. Einnig fórum við í heimsókn í KR tvisvar á vorönn auk göngutúra um nágrennið.



Skuggaleikur í Koti

Samstarfsverkefnið *Leikur, nám og gleði* með Gull- og Grandaborg var skemmtileg viðbót við starfið sem „endaði“ svo með lærdómsríkri ferð til Stokkhólms. Deildarstjóri sótti fundi einu sinni í mánuði í þessari samvinnu og kom svo með innlegg fundanna á deildarfund í kjölfarið. Áfram væri gott að vinna þetta þannig og einblína á þátt kennarans í leiknum.

Í umbótaáætlun fyrir 2022-2023 var lagt upp með að taka Völuappið í fulla notkun, hafa reglulega deildarfundir og fjölmenningu, þ.e. gera menningu barna sýnilega og nýta okkur hæfnirammanna. Við notum Völuappið til að merkja mat og svefn, setjum inn myndir og pósta til foreldra. Deildarfundir voru haldnir nokkuð reglulega, alltaf eftir fundi í „Leikur nám og gleði“ og svo á skipulagsdögum. Við vorum ekki nógu skipulagðar hvað varðar fjölmennunguna, fánarnir fóru t.d. ekki upp á vegg, en það komu bækur að heiman og við byrjuðum að kíkja á hæfnirammanna. Við þurfum að gera betur.

Umbótaáætlun Kots fyrir komandi starfsár

UMBÓTAÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið? Aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun í dagskipulaginu	Að koma listsköpun inn í skipulag dagsins	Skipuleggja umhverfið svo efniviður til sköpunar verði sýnilegur og aðgengilegur	Leikskólakennarar	September og þegar deildin er full kláruð	maí	Myndir og rætt á deildarfundum	Að sjá að börnin upplifi það að þau hafi aðgang að efniviðnum
Útivera	Að brjóta upp skipulag útiveru	Að allir þurfi ekki að fara út á sama tíma	Leikskólakennarar	September	maí	Rætt á deildarfundum	Skráningar






INNRA MAT FJÖRUDEILDAR

Heiða Kristín Másdóttir -Greinargerð deildarstjóra. Haustið fór vel af stað með 20 börn á deildinni í stað 19 líkt og síðustu ár. Öll voru fædd árið 2019 en sá árgangur er afar stór og dreifist á þrjár deildir. Sjö börn voru annan vetur á Fjörudeild, 10 börn komu úr Kotinu og þrjú komu frá öðrum leikskólum eða að utan.

Það urðu þó nokkrar starfsmannabreytingar á Fjörudeild þennan veturinn. Það náðist ekki að manna eitt stöðugildi til framtíðar en þrír sinntu því í skamman tíma í einu. Þetta setti sitt mark á starfið því mikill tími fór í að miðla og kenna nýju starfsfólki. Í lok mars fór Steinunn deildarstjóri í fæðingarorlof og undirrituð tók við deildarstjórn. Þrátt fyrir mannabreytingar var veturinn góður á Fjörudeild, allir lögðu sig fram við að láta börnunum líða vel og láta starfið ganga vel.



Heiða Kristín Másdóttir

KR átti sinn fasta sess yfir vetrartímann. Krakkarnir á deildinni voru að fara í KR í fyrsta skipti og var því tekin ákvörðun um að skipta deildinni í tvo hópa til að byrja með og fóru börnin því aðra hvora viku í KR. Þetta fannst kennurum ganga vel en smáfólkinu fannst leiðinlegt þegar þeirra tími var ekki. Þetta var þó nauðsynlegt til þess að gefa öllum 20 krökkum tíma og rými til þess að kynna KR almennilega. Um áramót fóru svo öll saman í hverri viku og í síðasta KR tímanum í maí var haldin KR sýning, þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum var boðið að koma og taka þátt. Í ár var frábær mæting og skemmtu sér allir konunglega.

Í vetur lagði deildin mesta áherslu á þróunarverkefnið *Leik, nám og gleði*. Deildarstjórar fóru á mánaðarlega fyrirlestra þar sem farið var yfir mikilvæg atriði í tenglum við leik og nám í leikskólum, hlutverk kennarans og áherslur í starfi. Eftir fyrirlestrana miðlaði deildarstjóri til deildarstarfsmanna á deildarfundum sem haldnir voru stuttu síðar hverju sinni. Hápunktur verkefnisins var svo ferð þessara þriggja leikskóla til Stokkhólms vorið 2023. Þar fengum við tækifæri til þess að skoða leikskóla og læra hvernig leik og námi er háttað annars staðar. Frábær ferð í alla staði þar sem allir komu vitrari heim.

Aðrir fastir liðir í vetur voru mikið og gott foreldrasamstarf, matsalurinn, gönguferðir, mikil útivera og söng- og lestrarstundir. Frjálsi leikurinn á þó alltaf stærsta og mikilvægasta sessinn í faglegu leikskólastarfi í Ægisborg.

Í umbótaráætlun Fjörudeildar frá síðasta ári voru þrjár þættir sem við ákváðum að leggja áherslu á að bæta þennan veturinn. Fyrsti matspátturinn var *deildarfundir og undirbúningur starfsfólks*. Viðmið um árangur væri að hafa reglulega deildarfundir minnst einu sinni í mánuði og að starfsfólk fengi sinn vikulega undirbúning. Þetta gekk ótrúlega vel og má þakka þróunarverkefninu að hluta; það var



nauðsynlegt fyrir okkur að geta sest niður og talað um innihald og lærdóm fyrirlestrana og ígrundað innan okkar deildar, en líka smá hugarfarsbreytingu innan veggja skólans. Aðrir í húsi voru ótrúlega hjálplegir og pössuðu upp á að deildarfundir gengju eftir. Ægisborg hefur alltaf verið heppin með gott samstarf milli deilda en það sýndi sig extra vel í vetur. Undirbúningurinn gekk líka mjög vel. Af og til náðu starfmenn ekki að vinna fullan undirbúning vegna veikinda og annarra utanaðkomandi aðstæðna, en það var sem betur fer ekki oft.

Annar matsþátturinn var *að listsköpun yrði hluti af flæðandi dagskipulagi*. Viðmið um árangur væri að listsköpun yrði hluti af frjálsa leiknum, efniviður gerður aðgengilegri og yrði meira aðlaðandi. Við stóðum okkur vel en hefðum getað gert betur. Starfsfólk var duglegra að bjóða upp á liti, skæri, lím, málningu og allskonar annan efnivið í vetur. Við betrubættum endurvinnsluástöðuna okkar svo að það var auðveldara fyrir börnin að nota hana með okkur. Börnin höfðu ótrúlega gaman af því að skapa og það var gaman að sjá hvað þau voru sjálfstæð í listsköpuninni. Varðandi efniviðinn þá erum við enn þá að leita að og reyna að finna besta lagið á að hafa aðgengilegan og aðlaðandi efnivið tengdan listsköpun inni á deild.

Þriðji og síðasti matsþátturinn var svo að *efla þátttöku barna í daglegu starfi*. Viðmið um árangur væri aukið lýðræði barna í starfinu og að þau hefðu meira að segja um skipulag starfsins. Þetta gekk mjög vel. Við rýndum vel í uppsetningu rýmis inni á deild og breyttum uppröðun húsganga eftir því sem okkur fannst barnahópurinn þurfa. Einnig rýndum við í stundir dagsins og fundum hvar við gætum eftir þátttöku barna enn frekar. Ein slík stund var seinni klósettstundin. Í stað þess að biðja öll börn um að prófa að fara á klósettið var frekar spurt yfir hópinn hvort einhver þyrfti að fara á klósettið. Þá fóru þeir sem þurftu. Börnunum leið mun betur með þetta svona, einnig er óhollt fyrir börn að reyna að pissa oftar en líkaminn þarf.



Fjöruleikur

Í mars opnuðum við matsalinn öllum börnum deildarinnar. Flestir borðuðu þar en við bættust þau sex börn sem höfðu snætt inni á deild. Við fjölgun barna í matsal breyttist planið með. Áður fóru öll 14 börnin inn í matsal að borða í einu en eftir breytingu fóru sjö í einu og hin léku inni á deild á meðan. Börnin tóku þátt í að ákveða hvenær þau færu að borða, sumir vildu borða strax en aðrir vildu klára leikinn og borða svo. Matarskráning kennara færðist til barnanna og nú merkja þau sjálf eftir hvern hádegismat hve vel þau borðuðu en fá vissulega aðstoð kennara ef þau eru óviss.

Næsta vetur verða gerðar breytingar á deildinni og munu Fjörudeild og Öldudeild skipta um stað. Þetta var ákveðið til að koma til móts við stóran árgang elstu barna. Í umbótaáætlun fyrir næsta vetur verða því aðallega umbótaþættir sem tengjast nýrri staðsetningu og „nýrri“ deild. Það verður skemmtileg áskorun að nýta rýmið sem best fyrir barnahópin. Þetta verður „lifandi verkefni“ sem við þróum áfram og vinnum úr því sem við sjáum til bóta hverju sinni. Barnahópurinn verður einnig minni en áður og verður spennandi að taka þátt í að móta deildina.



Umbótaáætlun Fjörudeildar 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umhverfið	Að skipuleggja umhverfið deildar svo það hámarki vellíðan barna, flæði og sköpun	Starfsfólk fylgist með og metur þarfir barnanna í umhverfinu	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Rýnt í umhverfið af starfsfólki, ákvarðanir ígrundaðar á deildarfundum	Að börnunum líði vel inni á deild, gott flæði sé á leiknum, aðgengilegur efniviður
Hlutverk kennara í leiknum	Að starfsfólk viti sitt hlutverk í leik barnanna	Deildarstjóri miðli um hlutverk og hvetji til þátttöku kennara í leik barna	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Ígrundað og rætt á deildarfundum	Að kennarar hafi góða tilfinningu fyrir hvernig best sé að taka þátt í leik barna, hvert hlutverk þeirra er hverju sinni og lesi rétt í aðstæður




INNRA MAT BÁRUDEILDAR

Diljá Agnarsdóttir -Greinargerð deildarstjóra. Haustið 2022 voru 19 börn á Bárudeild. Fjórir drengir hófu sinn annan vetur á deildinni, tvö börn komu ný í Ægisborgina og 13 komu af Fjörudeild. 17 þessara barna eru fædd 2018 en tvö 2019. Þetta er í fyrsta skipti sem við erum ekki að aðlaga börn hvort tveggja frá Koti og Fjörudeild, heldur komu þau öll af Fjörunni og voru þar af leiðandi einn hópur. Við fundum glöggt að þau þekktust vel. Það kom sér vel að deildin endurnýjaðist ekki algjörlega eins og í fyrra, en fyrir vikið höfðum við fjórar flottar fyrirmyndir eftir á deildinni sem tóku hlutverk sitt alvarlega og sinntu því vel. Mikill samgangur hafði verið milli Fjörudeildar og Bárudeildar árið á undan svo aðlögun gekk snurðulaust fyrir sig og barnahópurinn náði fljótt góðu jafnvægi.

Það verður að teljast til tíðinda að lítið sem ekkert utanaðkomandi raskaði ró okkar á þessu skólaári, engar stórar framkvæmdir voru innanhúss og foreldrar aftur velkomnir inn í húsið. Við nýttum það vel og buðum foreldrum oft inn og hvöttum þau eindregið til að stíga inn fyrir þröskuldinn. Vöfflukaffi, konukaffi og bóndakaffi voru á dagskránni og sérlega vel sótt af foreldrum og aðdáendum Bárubarna og auk þess höfðum við heitt á könnunni á fimmtudagsmorgnum í vetur fyrir foreldra.



Strax í ágúst fengum við frábæran liðsauka á deildina með reyndum leikskólakennara og það var frábær viðbót í samveldinn starfsmannahóp Bárudeildar. Nú á vordögum hefur svo verið töluverð uppstökkun í starfsmannahópnum en tveir leiðbeinendur sigldu á ný mið og ferskir vindar komu inn í stað þeirra.



Diljá Agnarsdóttir

Dagskipulagið á deildinni hefur verið einfaldað til muna og börnin frjálssari í sínu flæði en áður, oft var val um inni eða útiveru fyrir hádegi og ef allir voru að una sér vel í leik og sköpun að morgni þá slepptum við samverustund til að brjóta ekki upp flæðið. Við höfðum þá samveru síðar um daginn. Okkur bárust að vanda mörg bréf að heiman og verkefnið *Sýna og segja frá* stóð fyrir sínu sem endranær. Sköpun hefur eflst mikið á deildinni og það er stanslaus vinna í gangi með pappír, lím, skæri og skriffæri. Samverustundir eru mjög fjölbreyttar og mikið sungið og farið í ýmsa leiki.

Ferðir okkar í KR voru með öðru sniði nú en í fyrra þar sem aldursdreifing deildarinnar var þéttari í ár og fór öll deildin með Fjörudeild í KR á föstudögum. Það gekk að vonum vel og í lokin var sýning fyrir foreldra. Við höfum líka nýtt tækifæri til að bregða okkur af bæ og fara í bíó, kíkja á Einar Áskel í Norræna húsinu og fara nokkrum sinnum á bókasafnið. Á döfinni í sumar er svo að kíkja í styttri ferðir hingað og þangað og í dagsferð í Laugardalinn í lok júní.

Deildarstjórar allra deilda voru reglulega á fundum með verkefnastjórum frá Háskóla Íslands og deildarstjórum samstarfsleikskólanna í verkefninu *Leikur, nám og gleði* sem gaf okkur mikið enda alltaf gott að skrafa og ígrunda starfið með álíka þenkjandi fólki. Hápunktur verkefnisins var svo ferð starfsfólks til Stokkhólms þar sem við skoðuðum leikskóla og hlýddum á fyrirlestra um leikheim barna og mikilvægi hans. Þetta verkefni mun halda áfram næsta vetur og vonir eru bundnar við að útkoman verði enn meiri leikur, gleði og nám.

Í umbótaáætlun síðasta vetrar var flæðið okkur hugleikið og að kennarar tækju meiri þátt í leik barna. Það hefur ekki allveg þróast þannig en deildarstjóri upplifir hins vegar að starfsfólki sé betur með á nótum í leiknum og veiti honum meiri athygli. Börnin eru einbeittari í leik og una lengur, jafnvel marga daga og jafnvel vikur. Með rýmkuðu dagskipulagi er auðveldara að leyfa leikföngunum og leiksviðinu að bíða á milli stunda og jafnvel höfum við leyft stærri byggingum að standa yfir nætur.

Börnin sjá sjálf um að skrá hvað þau borða mikið í hádeginu og eru samviskusöm við það. Upplifir deildarstjóri að þau viti hvað þau borðuðu mikið og skrái það rétt. Það eru þrír valmöguleikar: lítið, einn diskur og tveir eða fleiri diskar. Skipst er á að undirbúa matmálstíma og hafa börnin það hlutverk að fara tvö saman ásamt kennara og koma vatni, glösum, hnífapörum o.fl. fyrir á borðum.

Ferilmöppur barnanna eru glæsilegar og eigulegar heimildir um leikskóladvöl barnsins. Á yngri deildum hefur tíðkast að gera leikskráningar en á Bárudeild höfum við meira verið að skrá ýmsa tyllidaga. Deildarstjóri ætlar að taka skráningar sérstaklega fyrir komandi vetur.

Deildarfundir voru einnig á umbótaáætlun og hefur þeim fjölgað frá síðasta vetri en betur má ef duga skal og þeir verða teknir enn alvarlegar á næsta vetri. Einnig langar deildarstjóra á að taka frá tíma innan undirbúningstíma til að hafa stutta og hnitmiðaða kennarafundi innan deildarinnar.



Þegar börnin á Bárudeild eru spurð hvað sé skemmtilegast í leikskólanum hafa þau nú varla tíma til að svara, en stikkorð segja oft meira en þúsund orð: að leika, að sulta, bara að lita, fara út, leika í Emil-leik og róla mér, kubba og renna í rennibraut, hjóla, teikna, leika með vinum mínum.

Umbótaáætlun Bárudeildar fyrir komandi starfsár:

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikrými	Gera leiksrýmið huggulegra og meira bjóðandi til leiks	Kaupa allskonar og koma betra skipulagi á leikefnið	Deildarstjóri	Haust 2023	Vor 2024	Leikrýmið skoðað og gagnrýnt.	Er leikefnið bjóðandi og rýmið huggulegt?
Flæði leyst úr læðingi	Flæði með öðrum deildum	Festa Flæði milli deilda í dagskipulag.	Deildarstjórar	Haust 2023	Vor 2024	Var oftast flæði á milli deilda?	Langt og gott Flæði a.m.k. einu sinni í mánuði.
Ferilmöppur og skráningar	Að hvert barn eigi a.m.k. 1 leikskráningu eftir veturinn	Kennarar gefi sér tíma í skráningar	Deildarstjóri	Haust 2023	Vor 2024	Telja skráningar í möppum barna.	Leikskráningar sýnilegar í möppum barnanna
Fastir, reglulegir deildarfundir og kennarafundir	Fundir í forgang	Festa niður dagsetningar fyrir fundi	Deildarstjórar allra deilda	Haust 2023	Vor 2024	Voru haldnir fundir reglulega?	Fundir reglulegir í dagbók



Rigning getur verið góð. Sérstaklega ef hún kemur úr brunaslöngu.



INNRA MAT ÖLDUDEILDAR

María Halldóra Jónsdóttir -Greinargerð deildarstjóra. Í haust voru börnin á deildinni 21. Fjórtán fædd árið 2017 og 7 árið 2018. Sex þeirra voru að hefja sinn annan vetur á deildinni en hin komu af Bárudeild. Haustið fór vel af stað og aðlögun á milli deilda gekk eins og í sögu. Starfsfólk var sérstaklega spennt fyrir samstarfsverkefni Gullborgar, Grandaborgar og Ægisborgar sem ber heitið „Leikur, nám og gleði.“ Fundað var með deildarstjórum allra leikskólanna mánaðarlega og fljótlega eftir þá fundi miðlaði deildarstjórinn til annara á deildarfundum. Í framhaldi af því innleiddum við nýjar áherslur í starfinu. Við gerðum m.a. vináttukönnun, þar sem börnin völdu myndir af vinum sínum á deildinni, tókum fyrir hlutverk kennarans í leik barnanna og mikilvægi umhverfis í leik og námi. Í vor fór starfsfólk í mjög lærdómsríka ferð til Stokkhólms í tengslum við verkefnið.

Það sem hefur átt hug barnanna á Öldudeild í vetur er að leika með kubba af öllum stærðum, allskonar spil og tefla. Holukubbarnir eru í notkun á hverjum degi og breytast í það sem hugurinn getur smíðað. Rannsóknarhús, leynikofa, flugvélar, strætó og stigahús eru dæmi um byggingar sem hafa verið reistar úr kubbunum góðu.



María Halldóra Jónsdóttir

Leikurinn hefur verið settur í forgang og dagskipulag einfaldað til muna svo leikurinn fái að njóta sín sem best. Lestur bóka er í föstum sessi og eftir hádegismatinn eru framhaldssögur lesnar í tveimur hópum. Eitthvað hefur verið fíktað við kvikmyndagerð í vetur en tvær stuttmyndir um vesen í Ægisborg og ein útskriftarmynd urðu til og hlutu einróma lof gagnrýnenda, áhorfenda og sérstaklega leikaranna.

Aðspurðum fannst börnunum skemmtilegast að hlusta á bók og horfa svo á bíómyndina, fara í fjöruferðir, bókasafn og leikhús, lesa bækur, reikna, teikna og skrifa, legó, fara í fótbolta og bara allt í leikskólanum.

Ægisborg hefur á síðustu árum verið í samstarfi við leikskólana Gull- og Grandaborg ásamt Grandaskóla. Það hefur því miður verið í mýflugumynd þennan vetur en von er á úrbótum, mikill áhugi er á að glæða samstarfið lífi næsta vetur.

Í umbótaáætlun fyrir síðasta vetur settum við okkur það markmið að dýpka þekkingu starfsfólks á leiknum. Við fengum mikla og góða fræðslu í tengslum við þróunarverkefnið. Starfsfólk getur nú betur stutt við leik barnanna og tekur oft þátt. Misjafnt er eftir kennurum hvernig aðkoma þeirra að



leiknum er, þar sem við höfum ólík áhugasvið. Það sem hefur helst breyst í vetur er að áhugi á og meðvitund um mikilvægi leiksins er meiri. Deildarfundir voru settir í forgang og tókst að hafa a.m.k. mánaðarlega deildarfundi.

Okkur hefur tekist að virkja foreldra til aukins samstarfs í leikskólalífinu. Eitt foreldri hefur boðað komu sína til okkar með græjur úr sinni vinnu og við stefnum á að heimsækja hesta í eigu Ægisborgara. KR sýningin var á sínum stað, sem og vöflukaffiboð. Nýr fastur liður eru fimmtudagskaffimorgnar, þar sem heitt er á könnunni og foreldrum er boðið að staldra við í morgunmatnum. Börnin hafa einnig verið dugleg við að koma með bréf að heiman, sem er innsýn inn í líf þeirra utan leikskólans.

Annar liður í umbótaáætlun var sjálfsefning barnanna á þann máta að úthluta ábyrgðarhlutverkum í skólanum. Það var ekki gert með því skipulagi sem við lögðum upp með en tækifærin voru gripin þegar þau komu og börnin tóku að sér aðstoðarmennsku í matsal, hjálp við frágang og ýmislegt fleira tilfallandi.

Við höfðum í hyggju að kenna börnunum á kjörklefa og útbúa kjörseðla og þannig styðja við barnalýðræði. Það hefur þurft að bíða betri tíma en við höfum haft óformlegar kannanir á skoðunum þeirra um ýmis málefni. Við höfum tamið okkur að hlusta á raddir barnanna í starfinu almennt.

Síðasti liðurinn var að minnka matarsóun. Við ræddum um mikilvægi næringar og skammtastærðir við börnin og leiðbeindum þeim í matsalnum. Það hefur gengið vel og við sjáum minni mat í ruslinu en áður.

Næsta vetur verður skipulagsbreyting í Ægisborg, þar sem fjöldi elstu barnanna verður mun meiri en áður. Öldudeild mun flytja sig um set og taka sér bólfestu þar sem nú er Fjörudeild. Við erum sannfærð um að við munum koma okkur vel fyrir þar, en það mun krefjast góðrar skipulagningar á umhverfi og starfi. Við erum afar spennt fyrir samstarfi við *Myndlistaskólann í Reykjavík*, þar sem öll deildin mun sækja námskeið. Svo ætlum við að hleypa meira hæglæti að, láta ekki tímenn stjórna of mikið og leyfa leiknum að vera áfram í forgangi.

Tilvonandi Öldudeildarbörn langar helst að vera úti að finna orma og dauða geitunga, byggja legó, að fara út og líka fara að leika á hjóli. Spila kjúllaspilið, Uno Uno, fótboltaspil og líka spilastokkur. „Ég finnst bara að gera allt saman.“

Umbótaáætlun Öldudeildar fyrir komandi starfsár:





UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Flutningur innanhúss, skipulag	Að flutningar gangi vel	Skipuleggja starfið, skipta í hópa	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Huglægt mat, hvernig finnst okkur ganga	Að það hafi gengið vel að hafa stóran barnahóp saman
Námsumhverfi	Fallegt og leik- hvetjandi náms- umhverfi	Skipuleggja umhverfið, undirbúningur og frágangur	Deildarstjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Taka myndir, fyrir og eftir	Að umhverfið hafi hvatt til og stutt við leik



3. INNRA MAT SÉRKENNSLU

Alla Dóra Smith -Greinargerð sérkennslustjóra. Að hausti var skipulagt hvernig best væri komið til móts við þau börn sem eru með skilgreinda sérkennslutíma. Börnin fluttu á milli deilda og sérkennslubörnin voru öll nema eitt á eldri deildum leikskólans. Einstaklingsáætlanir voru yfirfarnar og uppfærðar og kennarar skiptu með sér verkefnum. Sundur og saman kennsluaðferðin er alltaf höfð til hliðsjónar, þannig að fleiri kennarar koma að kennslu hvers barns því ef einn forfallast þá getur annar vel hlaupið í skarðið. Þrír kennarar störfuðu að sérkennslu auk sérkennslustjóra. Tveir voru í fullu starfi og einn í rúmlega hálfu starfi. Verkefni voru margvísleg eins og áður, m.a. einstaklingsvinna, vinna í fámennum hópi og kennsla í leik með jafnöldrum, m.a. í flæði á milli deilda.

Snemmtæk íhlutun hefur verið höfð að leiðarljósi sérkennslunnar. Við höfum á undanförunum árum unnið með börnum á einhverfurófi og með aðrar raskanir og nýtt þekkingu okkar á atferlisíhlutun og öðrum viðkenndum aðferðum. Börnin eiga námskrá sem er unnin með foreldrum þeirra. Unnið er eftir ABLL'S, sem er færnimat fyrir börn á einhverfurófinu og APES færnimat notum við svo fyrir þau börn sem eru lengur að læra. Náttúruleg kennsla (incidental teaching) er notuð til þess að kenna barninu færni í náttúrulegu umhverfi þess. Kennari fylgir þá áhuga og frumkvæði barnsins. Barnið er því leiðandi og kennslan felld inn í daglegt líf þess. Þetta er góð viðbót við þá þekkingu sem fyrir er hér í skólanum. Samþætting áhugasviðs, og skapandi starfs skilaði frábærri vinnu. Þá gátu börnin nýtt sér efnivið leikskólans til að sinna sínum hugðarefnum með frábærum árangri.

	
Í leikskólanum mínum eru margir krakkar og kennarar	Stundum er ég of nálægt vinum
	
Það finnst vinum mínum óþægilegt	Ég get frekar gefið þeim fimmu! 😊

Félagsfærnisaga

Sérkennslan býr til myndrænt dagskipulag, fyrir deildirnar og börnin. Félagshæfnisögurnar eru margar eftir þennan vetur, þær eru oft gerðar að beiðni foreldra og deildarstjóra. Sérkennslustjóri fundar með foreldrum og deildarstjórum um þau börn sem þurfa aukna leiðbeiningu. Hljóðkerfisskimunin Hljóm II er lögð fyrir elstu börnin að hausti í því skyni að greina og vinna með þeim sem gætu átt hættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Niðurstöðurnar fylgja börnunum í þann grunnskóla sem barnið sækir. Einnig er gert EF12, málproskamat fyrir þau börn sem við teljum að þess þurfi þegar þau eru orðin rúmlega 3ja ára. TRAS, er einnig notað til skráningar á

málproskastöðu fyrir þau börn sem þess þurfa. Námskrár eru gerðar með hliðsjón af niðurstöðunum.

Tölvur, ípad og símar eru meðal okkar helstu kennslugagna. Keypt voru nokkur öpp sem gagnast börnunum mjög vel. Við erum líka með myndrænt skipulag sem hangir upp á deildum. Sérkennarar hafa verið með myndir af leiktækjum í útiveru og hafa skoðað hvernig best er að nýta útivistina. Börnin fá stundum myndir af því sem þau eiga að gera, oft með mynd af því sjálfu og það hefur reynst yngstu börnunum sérstaklega vel. Hefðbundin önnur verkefni eins og málörvun, félagsfærni og fínhyrfingar fóru fram í flæði á milli deilda. Áður hafði einstaklingskennsla eða kennsla í færri barna hópum verið ráðandi.



Samvinna við leikskólateymið í Vesturmiðstöð var mikil í vetur og til fyrirmyndar líkt og undan farin ár. Við áttum gott samstarf við sérkennsluráðgjafa, hegðunarráðgjafa, sálfræðing auk talmeinafræðinga. Félagsráðgjafi fylgdi eftir nokkrum börnum og fjölskyldum þeirra. Það er frábært fyrir kennara og foreldra að geta leitað til þeirra. Í Ægisborg komu brúarsmiðir Miðju máls og læsis, og voru kennurum og foreldrum innan handar. Núna erum við að fylgja þremur börnum í grunnskóla sem hafa fengið mikla sérkennslu sl. fjögur ár. Sérkennslustjóri og deildarstjóri Öldudeildar hafa mætt á skilafund í viðkomandi skóla. Börnin fara í heimsóknir í sinn grunnskóla og frístund með kennurum sínum. Einn þáttur umbótaáætlunar sérkennslunnar var að auka foreldrasamvinnu. Markmiðið var að vera í vikulegu sambandi við foreldra, senda þeim fundargerðir, myndir o.fl. úr starfi sérkennslunnar. Þetta gekk ekki eftir hjá okkur. Það fer mikill tími í þessa vinnu, auk þess sem deildarstjórar senda yfirleitt vikulegan póst. Kennarar undirbúa vel fundi með foreldrum og eru í góðu samstarfi dags daglega. Farið yfir þá þætti sem ákveðnir höfðu verið og ný markmið sett á sameiginlegum fundum.



Hjólaregla nr. 1

Sérkennslustjóri tók þátt í lærdómssamfélagi sérkennslustjóra. Á þess vegum voru margir áhugaverðir fyrirlestrar sem kennarar sérkennslunnar nýttu sér. Sumir fyrirlestrar voru rafrænir en aðrir í raunheimum. Sérkennslustjóri sótti Vorráðstefnu Ráðgjafar- og greiningarstöðvar. *Fagmennska og framsækni í þjónustu við börn með fatlanir*, var yfirskrift ráðstefnunnar. Ráðstefnan var að venju fróðleg. Þar var m.a. kynning á nýlegum farsældarlögum mennta- og barnamálaráðherra, sem tóku gildi um áramótin 2021-22. Með þessum lögum á að samþætta þjónustu í þágu farsældar fyrir börn og þeirra fjölskyldur. Tengiliður leikskólans við Barnaverndarstofu (BOFS) er sérkennslustjóri. Tveir kennarar sérkennslunnar heimsóttu leikskóla í Stokkhólmi, með samstarfsfélögum sínum í Ægisborg. Þetta var áhugaverð og skemmtileg heimsókn. Aðrir kennarar heimsóttu leikskóla í Reykjavík og voru ánægðir með þá heimsókn.

Umbótaáætlun sérkennsludeildar fyrir komandi starfsár:

UMBÓTAÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið aðferðir?	Viðmið um árangur
Samráð og skráningar	Skipuleggja betur þá vinnu sem hver þjálfari sinnir. Markvissari skráningar	Halda fundi einu sinni í viku	Sérkennslustjóri	Haustið 2023	Vorið 2024	Sameiginlegar skráningar	Betri yfirsýn, Fundargerðir, vinnutíma- skipulag hvers þjálfara
Ipad og sími	Ný færni á Ipad og snjallsíma. Yfirfæra kennsluna til annara kennara og foreldra.	Kynna okkur nýja færni sem nýtist betur. Kynna okkur myndvinnslu og hvernig hún nýtist í sérkennslunni.	Sérkennarar	Haust 2023	Vorið 2024	Meiri þekking til að miðla til foreldra og samstarfsfólks	Þekkingin nýtist betur fyrir börnin, foreldra og samstarfsfólk



Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fengum ný öpp í lþada. Bækur og spil endurnýjuð.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Markvissar vinnustundir. Einstaklingslega og með smærri hópum. Myndrænt dagskipulag á deildum. Orð eru markvisst sett á athafnir, t.d. í leikstundum, fataklefa og við flestar athafnir í leikskólanum. Kennari fylgir börnunum eftir í Flæðinu. Daglegar lestrar og söngstundir. Unnið með Gefðu -10 á öllum deildum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Með m.a. bóklestri, rímum, þulum, loðtöflusögum. Í fataklefa, við matarborðið á yngstu deild og í leik. Ný orð eru útskýrð og við leikum okkur með málið. Erfiðari bækur eru lesnar og orðin útskýrð. Framhaldssögur fyrir eldri börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramma gefin út af Menntamálastofnun. HLJÓM 2, Orðaskil, TRAS – skráningar, málproskamatið EFI 2 – sem er málproskaskimun fyrir börn á 4ða ári. Einstaklingsáætlanir eru gerðar og fylgst með framförum t.d. í <i>appinu Lærum og leikum með hljóðin</i> og <i>Lubbi finnur málbein</i> . Ýmis öpp svo sem <i>Orðagull</i> og spiluð margskonar málörvunarspil sem auka tjáningu og skilningu og orðaforða. HLJÓM-2 er tekið að hausti með elstu börnunum og niðurstöður notaðar í kennslu með þeim börnum sem þess þurfa. Farið er yfir það markvisst allan veturinn. Niðurstöður fylgja börnunum í grunnskólann
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í öllu daglegu starfi leikskólans. Bæði inni og úti. Unnið með hljóðkerfisvitund barnanna. Með bóklestri, í skipulögðum leikstundum – þar sem kennari er þátttakandi, í samverustundum, vinnustundum, Gefðu 10. Í hópastarfi er unnið með ritmálið, sögugerð o.fl. út frá einstaklingsnámskrá er unnið með áhugamál hvers og eins, styrkleika og löngun. Sendibréf að heiman auka málörvun, tengingu milli heimils og skóla.



Umbótaáætlun vegna fjöiltyngi fyrir komandi starfsár:

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Skilvirkari vitneskja um stöðu í íslensku	Kynning á hæfnirömmum	Fá Halldóru Sigtryggsdóttur til að kynna hæfniramma á fagfundum	Stjórnendur	Haust 2023	Jan 2024	Gert/ógert	Að fagfólk í Ægisborg noti hæfniramma með börnum sem tileinka sér íslensku
Styrking tengsla við menningu fjölskyldu barns	Fánar sýnilegir á deildum	Fánar allra heimalanda gerðir sýnilegir á deildum og „góðan dag“ á máli allra	Stjórnendur	Haust 2023	Jan 2024	Gert/ógert	Gert/ógert Ljósmyndir í næstu starfsáætlun



Rannsóknir eru forvitnilegar og stundum slepjulegar.



5. STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

Snerpuviðtöl sem áttu að fara fram í mars og apríl var frestað fram á vor/haust sökum aðstöðuleysis en framkvæmdir við starfsmannaaðstöðu höfðu þau áhrif að plássleysi sem var fyrir varð að engu á þessu tímabili.

Endurmenntun árið 2022 – 2023 var markviss í formi fræðslu og umræðu þar sem leikskólinn ásamt Grandaborg og Gullborg fengu þróunarstyrk B-hluta Menntastefnunnar, *Leikur nám og gleði*. Anna Magnea Hreinsdóttir stýrði verkefninu. Skipulagsdagar voru vel nýttir í faglegrar vinnu og fræðslu í tengslum við A og B hluta. Skipulagsdagar voru einnig vel nýttir fyrir starfsmannafundi og deildarfundi.



Á skipulagsdegi í 19. ágúst var kynning á þróunarverkefninu Leikur, nám og gleði. Starfendarannsóknir og leikur sem námsleið barna. Sameiginlegur hálfur starfsdagur með Gullborg og Grandaborg, haldin í Tjörn – frístundamiðstöð. Anna Magnea Hreinsdóttir var með kynningu og fræðslu og hún ásamt Kristínu Hildi Ólafsdóttir leikskólaráðgjafa stýrðu umræðum. Gleðigjafinn Seth Randolph Sharp kom og hélt fyrirlestur um gleði, hamingju og bjartsýni. Deildarfundir og starfsmannafundur var á dagskrá eftir hádegið í Ægisborg.

Deildarstjórar í samstarfsskólunum þremur, Gullborg, Grandaborg og Ægisborg funduðu sex sinnum á tímabilinu september 2022 til apríl 2023, þrjá tíma í senn. Fundirnir voru haldnir í Tjörn frístundamiðstöð. Anna Magnea Hreinsdóttir skipulagði fundina. Fyrirkomulagið var á þann hátt að deildarstjórar undirbyggju sig með lestri greina og rannsóknna sem Anna Magnea sendi þeim fyrir fundina. Kristín Hildur Ólafsdóttir leikskólaráðgjafi var með á fundunum og kom inn í umræður.

Dagsetningar og dagskrá fundanna:

12. september 2022 – Hlutverk kennara í leik barna
27. október 2022 -Barnahópurinn og jafningjamening- vináttu og tengslakannanir
14. nóvember 2022– Dagskipulag tími og flæði
6. janúar 2023 Sjálfsprottinn leikur og hlutverk leikskólakennara
13. febrúar 2023 Hvernig fáum við samstarfsfólk með okkur í breytingar?
20. mars 2023 Námsumhverfið og leikefni – þriðji kennarinn

Á skipulagsdegi 17. nóvember 2022 var Anna Steinsen frá KVAN með fyrirlestur um samstarf, samskipti og fræðslu um kynslóðirnar. Þetta var sameiginlegur skipulagsdagur fyrir starfsfólk Ægisborgar, Grandaborgar og Gullborgar í Þjóðarbókhöðunni. Eftir hádegið voru deildarfundir og starfsmannafundur í Ægisborg.





Mynd frá leikskólanum Luxviken í Stokkhólmi. Búningar og pappabyggingar sem unnar voru út frá bókinni *Monster och spöken på äventyr*.

Monster och spöken på äventyr (Skrímsli og draugar lenda í ævintýrum). Einnig sást vel hvernig hugað er að því að gera námsumhverfið bjóðandi og notalegt. Hvarvetna voru bækur en það sem Ægisborgarar öfunduðust aðallega út í var plássið sem börnin höfðu innandyra. Það var miklu meira er reykvísk börn fá í sinn hlut. Svíarnir eiga eftir að öfunda okkur af útsvæðinu í staðinn! Þeir 8 starfsmenn sem héldu ekki utan til Stokkhólms, heimsóttu tvo leikskóla hér í Reykjavík á meðan; Ævintýraborgir við Eggertsgötu og Vinagerði. Auk þess fékk hópurinn fræðslu frá Miðju máls og læsis á skóla- og frístundasviði, en Emilía Rafnsdóttir sá um þá fræðslu. Kom á daginn að heimalingarnir höfðu heilmargt upp úr krafsinu, sem þeir miðluðu utanförum á skipulagsdegi 10. maí. Lýðræði og traust voru lykilhugtök eftir leikskólaheimsóknirnar hér heima.

Á skipulagsdeginum 10. maí var miðlun hugmynda eftir leikskólaheimsóknirnar og ígrundun fyrirferðamikil, sem áður sagði. Þann dag var einnig rýnt í nokkra þætti umbótaáætlunar Ægisborgar frá síðasta vetri og þeir metnir ásamt því að deildirnar fóru sérlega yfir umbótapætti deildanna. Starfsmannakönnun var kynnt og velt vöngum um niðurstöður.

Á skipulagsdegi 6. janúar 2023 var að hálfu sameiginlegur með Gullborg og Grandaborg. Dagurinn hófst á kynningum leikskólanna á þróun starfsins út frá þróunarverkefninu. Bryndís Gunnarsdóttir Aðjúntkt og doktorsnemi við HÍ hélt fyrirlestur um sjálfspróttinn leik og hlutverk leikskólakennarans. Eftir hádegið voru deildarfundir og starfsmannafundur í Ægisborg.

Náms og kynnisferð var farin til Stokkhólms 19. til 22. apríl 2023. Alls 15 Ægisborgarar tóku þátt í þeirri ferð og kynntu sér starfsemi tveggja leikskóla; Luxviken og Valvet. Einnig hlýddi hópurinn á þrjá fyrirlestra um leik og hlutverk kennarans í leikheimi barna. Hópurinn var afar ánægður með heimsóknirnar og sást þar margt sem á erindi við börnin okkar og fannst kennumur Ægisborgar þeir fá margt til að móða úr til að auðga starfið. Eitt af því sem vakti sérstaka athygli er hve lengi Svíarnir vinna með sömu bókina og hugmyndaheim hennar. Luxviken og Valvet voru í samstarfi og unnu báðir skólarnir með bókina



Bókahorn í Luxviken. Bækur voru nánast alls staðar og raðað upp á afar bjóðandi hátt. Notalegt.





Einn starfsmaður lauk námi í leikskólaliðanum í Borgarholtsskóla í desember 2022 og annar starfsmaður stundar námið núna.

Í ágúst síðastliðnum fóru tveir kennarar á ECCERA ráðstefnuna sem var haldin í Glasgow.

Hópur kennara fór á ráðstefnuna *Pannig týnist tíminn – morgunverðarfundur um hæglátt leikskólastarf á vegum RANNUNG*. Þar var sjónum beint að flæði og þeim tíma sem barnið þarfnast til að vinna úr nýjum upplýsingum, sum sé læra á eigin hraða sem er æði misjafn frá barni til barns. Fyrirlesarar voru frá Noregi, Skotlandi og Djúpavogi. Erindi Signýjar Óskarsdóttur um Cittaslow námskrá skólanna á Djúpavogi og almenna samfélagslega nálgun þar, var afar áhugaverð.

Starfsfólk var duglegt að viðá að sér fræðslu í vetur. T.d. fór sérkennslustjóri á vorráðstefnu Greiningarstöðvar, deildarstjóri á EFI-2 námskeið, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sinntu forystunámi Reykjavíkurborgar, tveir sinntu íslenskunámi hjá Mími fyrir þá sem hafa annað móturmál, einn sótti kynningu Mixtúru á möguleikum tækni í skólastarfi og sá sami sótti námskeið um tengslahegðun barna, einn sótti námskeið um náttúrulega kennslu, svo fátt eitt sé talið.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri voru þátttakendur í þrem vinnusmiðjum með öðrum stjórnendum og starfsfólki á vettvangi skóla -og frístundastarfs og starfsfólki í Vesturmiðstöð. Markmið vinnusmiðjanna er að skapa sameiginlegan skilning um menntastefnuna, BBB (betri borg fyrir börn) og farsældarlögin á starfsstöðvum SFS. Það gaf stjórnendum veginesti til að taka samtalið innan sinna starfsstöðva með þátttöku starfsmanna, barna og foreldra.

Húsnæði Ægisborgar var í engu hjálplegt til starfspróunar eða faglegheita, sérstaklega frá 28. febrúar þegar framkvæmdir hófust í Koti. Þá hvarf það litla afdrep sem starfsmenn höfðu til faglegrar vinnu. Til að bregða ljósi á ástandið, þá var skrifborð leikskólastjóra eina skrifborðið í allri Ægisborg á vordögum. Þegar þetta er ritað er enn verið að vinna að aðstöðubótinni í Kotinu og kennarar orðnir afar langþreyttir og langeygir eftir verklokum.



5.1 HVATNINGARVERÐLAUN SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Á degi leikskólans, þ.e. 6. febrúar sl. var óvenju mikil hátíð í Ægisborg. Þá gerði formaður skóla og frístundasviðs, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, sér ferð í Ægisborg ásamt Helga Áss Grétarssyni fulltrúa ráðsins og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu, Ólafi Brynjari Bjarkasyni. Tilfnið var að afhenda Ægisborg, Gullborg og Grandaborg hvatningarverðlaun ráðsins fyrir samstarfsverkefni skólanna. Það var hátíðleg stund, börnin höfðu lagt gjörva hönd að verki við skreytingu salarins og svo fengu börn og fullorðnir köku með kaffinu. Dagur leikskólans var og er dásemdardagur.



Afhending hvatningarverðlauna í Ægisborg. Fulltrúar Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar ásamt tveimur fulltrúum skóla og frístundaráðs og skrifstofustjóra leikskólaskrifstofu. Verðlaunin hlutu skólarnir fyrir samstarfsverkefnið Barnið sem fullgildur þátttakandi í lærdómssamfélagi.

5.2 LEIKUR, NÁM OG GLEÐI – ERASMUS!

Erasmus+ er samevrópskur styrktarsjóður sem stofnanir og samtök sem sinna menntun og æskulýðsstarfi geta sótt styrk til m.a. vegna samstarfs kennara og skólabarna. Ægisborg tekur á komandi vetri þátt í styrktu verkefni með leikskólum á Íslandi og í Stokkhólmi. Má segja að þróunarverkefni liðins vetrar hafi undið skemmtilega upp á sig. Samstarfsskólar í þessu verkefni eru Gull- og Grandaborg ásamt Laugasól.

Verkefnið sem unnið verður að, hnitast um leikveröld barns. Ægisborg fær samstarfsleikskóla í Stokkhólmi og tveir kennarar þar og tveir hér sammælast um sögu fyrir börn og starfsfólk að vinna með. Sérstaklega verður ígrundað hvernig kennarinn tekur best þátt og styður við leik og nám barnsins. Tveir kennarar frá Stokkhólmi koma í Ægisborg og dvelja þar 17.-19. október og á vordögum halda tveir kennarar héðan utan til náms og ígrundunar þar. Hlutverk fulltrúa Ægisborgar verður að halda utan um þræði, þar sem þessi vinna er ætluð öllum börnum og kennurum á komandi vetri.



6. SAMSTARF LEIKSKÓLA, GRUNNSKÓLA OG FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐVA

Samstarf Ægisborgar og Grandaskóla á sér nokkuð langa og farsæla sögu. Á árunum fyrr Covid-19 samkomutakmarkanir unnu skólarnir að sameiginlegu verkefni sem kallað var *Læsi í leiðinni* og miðaði það starf að því að efla samstarf með læsi í brennidepli. Þá unnu börnin sameiginlega að verkefni, þannig að þegar 6 ára börnin mættu að hausti í Grandaskóla, beið þeirra á vegg verkefni sem þau höfðu átt þátt í því að skapa liðinn vetur. Eftir samkomubann og mannabreytingar hefur ekki náðst sami dampur í samstarfið, því miður. Þó hafa heimsóknir átt sér stað og leikskólabarnið kynnist veröld grunnskólans í Grandaskóla. Það sem skortir er raunverulegt samstarf og skólastjórnendur Grandaskóla og Ægisborgar voru sammála um að þetta mætti alls ekki halda áfram í skötulíki. Við því hefur verið brugðist með fundi fulltrúa Grandaskóla og leikskólanna og liggur nú fyrir kjarngóð áætlun um raunverulegt samstarf.

Samstarfsleikskólarnir Grandaborg, Gullborg og Ægisborg hafa heimsótt hverjir aðra með elstu börnin og þau hitt jafnaldra sína í garði leikskólanna. Er það liður í að treysta vesturbæjarböndin og fleiri andlit verði kunnugleg við skólabyrjun.

Í Ægisborg eru alltaf góður hlutu elstu barna á leið í Melaskóla að hausti. Í vor þá bauð Melaskóli börnunum í Ægisborg í heimsókn. Fengu börnin að fara í íþróttatíma og á bókasafn auk þess að taka þátt í frímínútum og skoða frístundina Sel. Viðlíka heimsókn er okkur afar kærkomin þrátt fyrir að Grandaskóli sé samstarfsskóli Ægisborgar. Vel gert Melaskóli.

Rammaáætlun um samstarf Ægisborgar, og Grandaskóla komandi vetur er sem hér segir:

Í september hittast aðstoðarskólastjóri og leikskólakennarar og ákveða dagsetningar, áherslur og verkefni. Verkefnin geta t.d. verið sameiginlegur lestur á bók, bakgrunnur og persónur, ljóðavinna (kannski um skólann sem þau eru í), eða sameiginlegt teikniverkefni á renning sem hægt væri að gera í skólastofu í heimsókn leikskólabarnanna í Grandaskóla. Verkefnið yrði síðan í skólanum þegar börnin koma í skólann að hausti.

- Í október heimsækja 1. bekkjar börnin gamla leikskólann sinn en hin grunnskólabörnin fljóta með.
- Í desember er leikskólabörnum boðið á leiksýningu í Grandaskóla.
- Í febrúar heimsækja leikskólabörnin bókasafn Grandaskóla, 1. bekkjarstofur og fara í samsöng.
- Í mars er heimsókn í sérgreinatíma á dagskrá. Börnin fara í íþróttir, tónmennt eða lotur.
- Í maí er komið að hinni hefðbundnu heimsókn í skólann sinn og eru það eingöngu börnin sem eru innrituð í Grandaskóla. Börnin fá að sitja í tíma, borða nesti og fara í frímínútur. Leikskólabörn kæmu með sinn hlut í sameiginlegu verkefni sem myndi bíða þeirra næsta vetur.
- Í lokin hittast fulltrúar skólanna og fara yfir samstarfið.



Útskrift Ægisborgar var 1. júní og eftir hátíðina var hlaðborð í boði foreldranna.



7. FORELDRASAMVINNA

Lærdómssamfélagið Ægisborg samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Í því er menntandi umhyggja lykilatriði og að samskipti byggja á virðingu. Ekkert kemur í stað góðra og notalegra samskipta heimilis og skóla.

Í foreldraráði Ægisborgar sitja 4 fulltrúar. Auglýst var eftir fulltrúum í ráðið og gáfu 2 kost á sér áfram og 2 komu nýir inn og skipa þeir aðilar foreldraráð Ægisborgar. Ráðið er m.a. ráðgefandi um starfsáætlun, sumarlokun og annað sem viðkemur breytingum á starfsemi er lagt fyrir foreldraráð. Foreldraráð lagði blessun sína yfir sumarlokun en hefð er fyrir því í Ægisborg að sumarlokum sé frá annarri viku júlímánaðar og fram í aðra viku í ágúst. Ráðið fundaði nokkrum sinnum með stjórnendum liðið starfsár, en þess á milli fóru samskipti fram með tölvupóstum.

Liðsinni foreldraráðs hefur reynst dýrmætt, en það hefur komið við sögu vegna framkvæmda á húsnæði leikskólans í gegnum tíðina.

Foreldraráð 2022-2023 skipuðu: Kristrún Gunnarsdóttir, Bryndís Eir Kristinsdóttir, Halla María Ólafsdóttir og Stefanía Dögg Jóhannesdóttir. Nýtt ráð verður skipað að hausti.

Foreldrafélag Ægisborgar er góð viðbót við leikskólalífið og stendur að nokkrum viðburðum ár hvert. Helst ber að nefna jólaball fyrir börn og foreldra, vorheimsókn í sveit og sumarhátíð, fyrir utan annað sem til fellur. Formaður foreldrafélagsins er Marta Guðrún Blöndal.



„Þetta eru pönnukökur Pétur. Ég vil vöffur eins og í Ægisborg!“ „Æ-i hættu þessi sífri Brandur minn!“ – Mynd úr bókinni Pönnukökutertan eftir Sven Nordqvist

8. SKIPULAGSDAGAR OG LEIKSKÓLADAGATAL

Skipulagsdagar í Ægisborg verða sem hér segir:

- 21. ágúst 2023- sameiginleg dagsetning með grunnskólum.
- 22. september 2023 – sameiginleg dagsetning með grunnskólunum.
- 10. nóvember 2023 – Skipulagsdagur í Ægisborg.
- 26. janúar 2024 – Skipulagsdagur í Ægisborg.
- 2. apríl 2024 – Sameiginlegur dagur með leikskólum í Vesturbæ.
- 17. maí 2024 -Menntastefnumót. Sameiginlegur með öllum menntastofnunum í Rvk.

Sumarlokun sumarið 2024 verður 8. júlí – 2. ágúst að báðum dögum meðtöldum. Ægisborg opnar aftur þriðjudaginn 6. ágúst. Skipulagsdagatal verður best skoðað í Völuappi foreldra, en vitanlega eru þar sumar dagsetningar með fyrirvara. Sem dæmi má nefna að við færum ípróttahátíð eftir veðri og útskrift eftir því hvenær við getum fengið hentugan sal.

Þá er þessari starfsáætlun lokið og tilhlökkunin tekur við.

F. h. Ægisborgar,

Auður Ævarsdóttir leikskólastjóri,

Ásmundur K. Örnólfsson aðstoðarleikskólastjóri



Þá er þetta komið!



9. FYLGIGÖGN

9.1 UMSÖGN FORELDRARÁÐS UM STARFSÁÆTLUN ÆGISBORGAR 2023-2024

Foreldraráð Ægisborgar hefur farið yfir fyrirbyggjandi starfsáætlun leikskólans og lýsir yfir ánægju með hana. Tenging starfsins við menntastefnu Reykjavíkurborgar „Látum draumana rætast“ er skýr og metnaðarfull. Starfið í Ægisborg ber þess merki að vera drifið áfram af faglegum hópi starfsfólks og stjórnenda.

Ægisborg hefur unnið að þróunarverkefninu „leikur, nám og gleði“ innan hverfis ásamt leikskólunum Gullborg og Grandaborg. Foreldraráð fagnar því að leikskólarnir fengu hvatningarverðlaun SFS fyrir verkefnið „Barnið sem fullgildur þátttakandi í lýðræðissamfélagi“. Foreldraráð gleðst einnig yfir því að framhald sé á samstarfi skólanna í hverfinu auk Laugasólar og fjögurra sænskra leikskóla.

Þátttaka og niðurstöður foreldrakönnunar eru gleðilegar og hvetjandi fyrir starfsfólk Ægisborgar.

Foreldraráð lýsir yfir áhyggjum af því að ekki hefur tekist að ljúka vinnu við nýja starfsmannaáðstöðu sem og endurbætur í Kotinu. Reynst hefur erfitt að fá tímasetta áætlun verkaðila og því munu tafir á framkvæmdum hafa áhrif á aðlögun nýrra Ægisborgara í haust. Starfsfólk Ægisborgar hefur tekið þessum og öðrum framkvæmdum af mikilli yfirvegum en teljum við að komið sé að ákveðnum þolmörkum hvað varðar áðstöðuleysi.

Starfið í Ægisborg er til eftirbreytni og starfsáætlun ársins 2023-2024 er í góðu samræmi við það. Foreldraráð þakkar samstarfið á skólaárinu og bindur vonir við það að Ægisborg haldi áfram að vera fyrirmyndar leikskóli þar sem metnaðarfullt starfsfólk og ánægð börn vinna vel saman.

Með leikskólakveðju frá foreldraráði leikskólans Ægisborgar,

Kristrún Gunnarsdóttir formaður

Bryndís Eir Kristinsdóttir

Halla María Ólafsdóttir

Stefanía Dögg Jóhannesdóttir





Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Ægisborg**

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	Sumarlökun	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	Sumarlökun	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	Sumarlökun	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	Sumarlökun	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L		5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S		6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	Friðdagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	Ægisborg opnar eftir sumari.	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M		9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F		10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F		11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L		12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S		13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M		14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ		15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M		16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F		17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F		18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L		19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S		20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	Skipulagsdagur-LOKAD	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ		22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M		23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F		24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F		25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L		26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 F	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S		27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M		28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ		29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M		30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	31 Þ	31 Þ	31 S	31 M	31 M	31 S	31 F	31 F	31 M	31 M

Í reglum um leikskólalögnustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagur nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólalögd lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka